

fyrir yfirdóminum, er ákveðast 40 kr. til sækjandans og 30 og 10 kr. til verjendanna.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen greiði 600 kr. sekt í landssjóð eða sæti einföldu fangelsi í 60 daga, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflyttingslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum cand. jur. Hannesar Thorsteinson 40 krónur og til hinna skipuðu verjenda hans þar, yfirrjettar-málaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Eggerts Briem, respective 30 og 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 51/1893:

Rjettvísín
gegn
Þorvaldi Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verði lagður á mál þetta virðist nauðsynlegt, að útvegaðar verði þær frekari skýrslur í málinu, er nú skal greina:

1. Nákvæm og ýtarleg skýrsla ákærða og annara, er

til pektu, um kindaeign hans vorið 1892 og síðan, og um það, hvar og hvernig honum heimtust kindur hans haustið 1892.

2. Skýrsla Halls bónda Jóhannssonar í Garði um það, hvort ákærði fjekk á hjá honum vorið 1892, hvernig hún var í hátt, og hvort lembd eða ekki, svo og hvað hann hafi vitað um ána (og lambið) eptir að ákærði eignaðist hana.
3. Skýrsla ákærða um, hvers vegna hann tók lambið milli Lóns og Lækjar og á hverju hann byggði þá skoðun sína, að hann ætti það, hvort hann aðgætti mark á lambinu þá eða síðar, og hvenær hann varð var við, að hann átti ekki lamb þetta.
4. Skýrsla ákærða og húsbónda hans páveranda um það, í hvaða erindum hann fór heiman að 10. okt. f. á., hvert hann ætlaði, og hve lengi hann gjörði ráð fyrir að vera burtu.
5. Skýrsla Guðmundar Guðmundssonar í Grænhól um kindur þær, er ákærði geymdi hjá honum, hve margar þær voru og hvernig í hátt og um mörk á þeim.
6. Ýtarlegri skýrsla ákærða og annara, ef unnt er, um á þá, er ákærði í rjettarhaldi 9. maí þ. á. kveðst hafa hitt í ferð sinni og slátrað á Sauðárkróki og selt þar fyrir brennivín og skildinga.
7. Þær aðrar frekari skýrslur og upplýsingar, er áður-taldar skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega ofangreindar

frekari skýrslur til upplýsingar máli þessu svo fljótt sem unnt er.

Nr. 16/1893:

Eigendur Hofs í Örfum
gegn

Ólafi presti Magnússyni fyrir
hönd Sandfellskirkju.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem í hjerði var rekið sem landamerkmál, var kveðinn upp landamerkjadómur Skaptafellssýslu hinn 21. apríl 1892. Dómi þessum hafa eigendur Hofs í Örfum skotið til yfirdómsins með stefnu, útfinni 21. apríl 1893. Eins og hinir stefndu hafa tekið fram, verður þannig að álíta, að áfrýjunarfrestur hafi verið útrunninn samkvæmt landamerkjalogum 17. marz 1882, 12. gr., sbr. kgsbrjef 19. desbr. 1749, þegar áfrýjunarstefna var tekin út, og verður því að frávísa sökinni. Eftir þessum úrslitum málsins virðist rjett að áfrýjendurnir greiði hinum stefnda upp í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. og er þar í fólgð málsfærslukaup til hins skipaða verjanda, Páls Einarssonar, 12 krónur. Í hjerði, þar er báðir málspartar höfðu fengið gjafsókn, hefur málsfærslan verið vítalaus, og fyrir yfirdómi, þar er hinn stefndi hafði gjafvörn, hefur málið verið forsvaranlega varið af hans hendi.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Upp í málskostnað greiði áfrýjendurnir hinum stefnda þrjátíu